



FUNDARGERÐ

**244. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , föstudaginn 21. mars 2025
og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Einar Bárðarson, Jón G. Valgeirsson og Anton Kári Halldórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Nanna og Anton Kári sátu fundinn í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Deiliskipulag á Strönd - 2409058

Lögð fram drög að endurskoðaðu deiliskiplagi fyrir Strönd. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði breytinga á deiliskipulaginu.

Stjórn samþykkir drögin og ákveður að málið fari í formlegan skipulagsferil.

Samþykkt samhljóða.

2. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu máls varðandi áform Sorporku ehf um brennslustöð á Strönd. Lagt til að framlengja viljayfirlýsingu Sorpstöðvar Rangárvallasýslu við Sorporku ehf til 1. september 2025. Jafnframt kallar stjórn eftir því að Sorporka leggi fram frekari gögn og drög að samningum um verkefnið.

Samþykkt samhljóða.

3. Samþykktir Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2402056

Lagðar fram tillögur og hugmyndir Steinunnar Erlu Kolbeinsdóttur frá Lögmönnum Suðurlandi um breytingar á samþykktum SOR.

Stjórn leggur til að vísa málinu til næsta stjórnarfundar til afgreiðslu þar sem Steinunn Erla yrði fengin á fundinn.

Samþykkt samhljóða.

4. Starfslýsingar Sorpstöð Rang. - Endurskoðun - 2502029

Lögð fram drög að skipuriti SOR og fleiri upplýsingar sem tengist starfssemi SOR frá Rögn Ráðgjöf.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'Eli', 'TBM', and 'Lau'.

Stjórn felur formanni að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

5. Framkvæmdastjóri 2025 Sorpstöð Rang. - 2502028

Framkvæmdastjóri vék af fundi undir þessum lið.

Lagðar fram upplýsingar um umsækjendur um starf framkvæmdastjóra SOR.
Framlengdur umsóknarfrestur rann út þann 19. mars s.l. og sóttu 10 um starfið.

Stjórn felur formanni að vinna úr umsóknum með ráðningarstofunni, taka viðtöl og leggja fram tillögu að nýjum framkvæmdastjóra.

Formanni falið að semja við fráfarandi framkvæmdastjóra um vinnu við innleiðingu nýs framkvæmdastjóra og önnur verkefni því tengdu.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:45.



Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

